

Ed. **191. Frumvarp til laga** [97. mál]
um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á bæjarþingi í kaupstöðum, en á manntalsþingi í hreppum skrá um þau skjöl, sem honum hafa borizt í þessu skyni, síðan síðasta bæjarþing í þeirri þinghá eða síðasta manntalsþing var háð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög nr. 30 7. maí 1928 voru sett, var hvergi háð bæjarþing hér á landi nema í Reykjavík. Á þessu varð breyting, þegar lög nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði, voru sett. Þar er svo ákveðið, að í kaupstöðum skuli halda bæjarþing einu sinni í viku eða oftár. Í ýmsum kaupstöðum landsins var þá sá háttur tekinn upp að láta þinglýsingu skjala fara fram á bæjarþingum, og hefur þetta nú tíðkapt um 20 ára skeið. Þetta er heppilegt í framkvæmd og sömu rök fyrir slíkri þinglýsingaraðferð í öðrum kaupstöðum landsins sem í Reykjavík.

Lagaheimild fyrir þessu er þó vægast sagt hæpin, þótt ekki hafi enn komið að sök, svo að flutningsmönnum sé kunnugt.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni, að lögfest verði venja sú, sem þegar hefur myndast í ýmsum kaupstöðum um þann þátt þinglýsingar skjala, sem frv. fjallar um.